



Kópavogsbær

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna í Kópavogi

Kynningarefni fyrir foreldra og forráðamenn

2. útgáfa júní 2023



Lög um samþættingu þjónustu þágu farsældar barna nr.86/2021

- Tóku gildi 1. janúar 2022 en innleiðingarferlið mun taka þrjú til fimm ár.
- Taka til allrar þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita börnum hvort sem það er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis eða velferðarkerfis.
- Aðrir aðilar sem vinna með börnum í skipulögðu starfi sem á þátt í að styðja og efla farsæld barna bera einnig skyldur og geta tekið þátt í samþættingu þjónustu.
 - íþróttar-, lista og æskulýðsstarf, annað tómstundastarf, sjálfstætt starfandi sérfræðingar, frjáls félagasamtök og fleiri.






Hver eru markmiðin með samþættingu þjónustu?

- Að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi.
- Að öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
 - Hafi aðgengi að tengilið og eftir atvikum málstjóra.
- Þau sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu eiga að:
 - Fylgjast með velferð og farsæld allra barna.
 - Bregðast við þörf fyrir þjónustu snemma.
 - Hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi.



Hlutverk þjónustuveitenda farsældarþjónustu



Hvað er samþætt þjónusta?

- Vísar fyrst og fremst til samstarfs þjónustuveitenda en ekki er um nein ný úrræði að ræða.
- Þverfagleg samvinna og sameiginleg lausnaleyti þar sem allir þjónustuveitendur skoða hvað þeir geta lagt að mörkum til að mæta þörfum barns og fjölskyldu.






Hvað er samþætt þjónusta?

- Við samþættingu skipuleggja þjónustuveitendur þjónustu á markvissan og samfelldan hátt.
 - Þjónusta er heildræn og veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns og fjölskyldu hverju sinni.
 - Skipulag þjónustunnar skal miða að því að ekki verði rof í þjónustu til dæmis vegna aldurs barns eða breyttra aðstæðna barns, fjölskyldu eða þjónustuveitenda.



Stigskipting þjónustu í þágu farsældar barna





Tengiliðir

- Tengiliður starfar á **fyrsta stigi** þjónustu.
 - Fær beiðnir um samþættingu og veitir upplýsingar um þjónustu.
 - Gerir frummat á þörfum barns og fjölskyldu eða kemur því af stað.
 - Skipuleggur og fylgir eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu.
 - Beinir barni og fjölskyldu á annað stig ef þörf er á því.
- Tengiliður starfar í nærumhverfi barnsins og hefur næga þekkingu til að geta verið foreldrum og barni innan handar.
 - Starfsmaður á heilsugæslu, sérkennslustjóri í leikskóla, deildarstjóri í grunnskóla eða starfsmaður framhaldsskóla.



Málstjórar

- Ef barn og fjölskylda hefur þörf fyrir fjölþætta þjónustu á **öðru eða þriðja** stigi til lengri tíma er tilnefndur málstjóri:
 - Tryggir aðgang að frekara mati og/eða greiningu á þörfum barns og fjölskyldu.
 - Leiðir stuðningsteymi, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og fylgir því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við áætlunina.
- Málstjóri hefur yfirgripsmikla þekkingu á samþættri þjónustu, veitir ráðgjöf og leiðir samþættingu farsældarþjónustu frá fyrsta til þriðja stigs.
 - Kemur frá velferðarsviði Kópavogs.



Með undirritun beiðni er vinnsla persónuupplýsinga heimiluð.

Alltaf skal gætt að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga.

Aðeins á að vinna með upplýsingar sem skipta máli svo tilgangi samþættingar þjónustunnar sé náð.

Allir þjónustuveitendur í samþættingu þjónustu eru bundnir þagnaskyldu.

Skylda að flytja upplýsingar milli tengiliða og málstjóra ef barn flytur milli skólastiga eða sveitarfélaga.

Hvenær sem er má draga beiðni um samþættingu þjónustu til baka.